

Mánudaginn 16. mars 1981.

Nr. 167/1978. **Reimar Þorleifsson**  
**Dóroþea G. Reimarsdóttir og**  
**Hagtrygging h/f**  
 (Hjörtur Torfason hrl.)  
 gegn  
**Sigurði K. Björnssyni**  
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 5. október 1978. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast áfrýjendur lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit af vitnaleiðslum, sem fram fóru 21. febrúar 1980 í máli, sem áfrýjandinn Hagtrygging h/f hafði höfðað gegn ökumanni bifhjólans A 1153, Tryggva Jónssyni, og vátryggingarfélagi þess ökutækis. Komu þá fyrir dóm áfrýjandinn Dóroþea, stefndi Sigurður og nefndur Tryggvi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann með þeirri breytingu, sem leiðir af nýjum gjaldmiðli.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda óskipt 7.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Reimar Þorleifsson, Dóroþea G. Reimars-

dóttir og Hagtrygging h/f, greiði óskipt stefnda, Sigurði K. Björnssyni, 7.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. júní sl., hefur Sigurður K. Björnsson, Norðurvegi 1, Hrísey, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. mars 1977, á hendur Reimari Þorleifssyni, Smáravegi 5, Dalvík, Dóroþeu G. Reimarsdóttur og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum kr. 8.212.785 með hæstu lögleyfðu ársvöxtum af slíkri kröfu frá 4. maí 1974 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu er sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þau verði sýknuð af kröfu stefnanda og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, m. a. á grundvelli ábyrgðarskiptingar, en málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir hafa farið fram fyrir dóminum án árangurs.

Málavextir eru þeir, að þann 4. maí 1974 varð umferðarslys á Skíðabraut austan við samkomuhúsið Víkurröst á Dalvík. Slys ið varð um kl. 2315. Tildrög þess voru þau, að Tryggvi Jónsson ók bifhjólinu A 1153, sem var hans eign, á Skíðabraut til suðurs. Farþegi á bifhjólinu var stefnandi. Skíðabraut er því nær hallalaus á þessum slóðum. Vestan götunnar er bifreiðastæði, en á eystri brún hennar er steiptur kantur, og er malaruppfylling austan hans. Þegar bifhjólinu var ekið suður götuna, var bifreiðinni A 4302, ökumaður stefnda Dóroþea G. Reimarsdóttir, ekið af greindu bílastæði þvert út í götuna. Varð þarna árekstur milli bifreiðarinnar og bifhjólsins. Við áreksturinn kastaðist bifhjólið til suðurs og rakst á mannlauða bifreið, A 2466, sem stóð við austurbrún götunnar, og hafnaði síðan á hliðinni. Stjórnandi bifhjólsins og farþeginn á hjólinu köstuðust af því við áreksturinn, og meiddust báðir, einkum þó farþeginn, sem slasaðist mikið. Öll greind ökutæki skemmdust meira eða minna. Talið er, að við

áreksturinn hafi hægri fótleggur slasaða klemmst á milli stuð-  
ara bifreiðarinnar A 4302 og mótörhjólsins. Stefnandi hafi fallið  
í götuna af miklu afli og þar hafi spænst möl upp í opið bein-  
brot, sem hann hlaut á hægri fótlegg. Gert var að þessu fótbroti  
á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Stefnandi átti lengi í þess-  
um meiðslum og gat eigi hafið vinnu eftir slysið fyrr en um það  
bil að einu og hálfu ári liðnu.

Þá er slysið varð, var veður bjart og gatan þurr. Myrkur var  
á, en góð raflýsing á slyssað. Lögregluskýrslur hafa verið lagðar  
fram í málinu og teknar sem staðfestar fyrir dómi. Þar kemur  
fram, að lögreglumaðurinn Karl J. Kristjánsson hefur verið nærri  
vettvangi, þá er slysið varð. Hann gefur skýrslu um það og teikn-  
ar uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu hans kemur fram, að hann  
hefur verið staddur við norðausturhorn samkomuhússins Víkur-  
rastar ásamt Halldóri Gunnlaugssyni lögreglumanni. Sáú þeir  
ekki, er áreksturinn varð, en sáú, er bifhjólinu var ekið suður  
Skíðabrautina rétt norðan árekstursstaðarins. Virtist þeim því  
ekið allhratt, en að verið væri að draga úr ökuhraða þess, þegar  
það hvarf sjónum þeirra í suður austan bifreiða, er stóðu á bif-  
reiðastæðinu vestan Skíðabrautar, en austan samkomuhússins.  
Lögreglumaðurinn tekur fram, að hann telji ökuhraða bifhjól-  
sins hafa verið stórlega vítaverðan, miðað við aðstæður, þann spöl,  
er hann sá til ferða þess rétt norðan slyssaðarins, því þarna hafi  
verið mikil umferð bifreiða og gangandi vegfarenda, en dans-  
leikur hafi verið í Víkurröst. Lögreglumanninum gafst ekki kost-  
ur á að spyrja ökumenn á vettvangi.

Tryggvi Jónsson, ökumaður bifhjólsins, gefur skýrslu hjá  
lögreglu fimmtudaginn 9. maí 1974. Hann gerir þær athugasemdir  
við skýrslu lögreglunnar, að rangt sé, að umferð bifreiða hafi  
verið um Skíðabrautina, svo teljandi væri, fyrir áreksturinn.  
Engin bifreið hafi verið fram undan á hans kant. Á móti hon-  
um hafi komið tvær bifreiðar, er hann mætti norðan móta Mímis-  
vegar, sem sé næsta þvergata norðan árekstursstaðarins. Eftir  
það hafi hann ekki mætt bifreið og ekki tekið eftir frekari um-  
ferð á móti. Engin umferð gangandi fólks hafi verið á Skíða-  
brautinni sunnan Mímisvegar, svo hann tæki eftir. Hann kvaðst  
hafa verið á um 50 km hraða miðað við klukkustund, er hann ók  
fram hjá mótum Mímisvegar nokkuð norðan við árekstursstað-  
inn, en þá hafi hann dregið úr ferð með hemlum án þess þó að  
festa hjól. Hann hafi ekið á hægri helmingi vegar. Þegar hann  
hafi verið kominn suður fyrir umrædd gatnamót, hafi hann séð

til ferða A 4302, sem komið hafi af bifreiðastæðinu austur á Skíðabrautina. Honum hafi virst bifreiðin stöðvuð, þegar hún var komin nokkuð inn á Skíðabrautina. Hann hafi gefið hljóðmerki til að vekja athygli stjórnanda A 4302 á ferð sinni og síðan sveigt til vinstri á götunni og ætlað framan við A 4302. Hann kvaðst hafa talið sig öruggan um að vera vel frír við A 4302. Hann hafi verið að sleppa við A 4302, er högg kom á hjólið nálægt miðju. Hjólið hafi kastast til vinstri og eftir það viti hann ekki, hvað gerst hafi, fyrr en hann lá austan götunnar. Hann kvaðst þess fullviss, að A 4302 hefði færst austur á götuna eftir áreksturinn. Einnig að bifreiðin hefði verið stöðvuð, eins og fyrr segir, vestar á götunni, en sett af stað aftur í þann mund, er hann ók framan við hana, án þess að hann yrði þess var.

Dóroþea Reimarsdóttir hefur gefið skýrslu hjá lögreglu. Eftir að hafa kynnt sér uppdrátt af vettvangi, sagði hún hann líkan því, er aðstæður voru eftir áreksturinn. Hún kvaðst hafa ekið bifreiðinni A 4302 austur af bifreiðastæðinu við Víkurröst. Hafi ætlunin verið að beygja inn á Skíðabrautina til vinstri (norður). Hún hafi stöðvað bifreiðina með framendann á móts við vesturbrun Skíðabrautar, meðan hún gætti að umferð eftir Skíðabrautinni. Engin bifreið hafi verið kyrrstæð á vesturkanti Skíðabrautar norður fyrir Mímisveg, en á austurkantinum hafi verið bifreiðin A 2466, eins og fram komi á vettvangsuppdrætti. Einnig gæti önnur bifreið hafa staðið á austurkantinum, en þá nokkuð norðar. Þegar hún hafi stöðvað, eins og fyrr er um getið, hafi hún enga umferð séð frá hægri. Frá vinstri hafi hún séð til ökutækis á suðurleið, norður hjá Skíðabraut 6 (hornhús vestan Skíðabrautar norðan Mímisvegar). Hafi það verið svo langt, að hún hafi talið sig hafa nægan tíma til að aka yfir á austurhelming götunnar og beygja til norðurs án þess að hindra þetta ökutæki, er síðar reyndist vera bifhjólið A 1153. Hún hafi því ekið inn á Skíðabrautina eftir að hafa gefið stefnuljós til vinstri. Hún telji bifreiðina hafa verið komna langleiðina það, sem sýnt er á uppdrættinum, þegar hún heyrði hljóðmerki frá vinstri. Hún hafi stöðvað strax, litið til vinstri og séð A 1153 koma að vinstra framhorni bifreiðarinnar. Síðan hafi það engum togum skipt, hjólið hafi lent á bifreiðinni framan á hana, rétt hægra megin við miðju.

Stefnandi hefur gefið skýrslu hjá lögreglu. Hann sagði þá, að hann gæti ekkert sagt ákveðið um ökuhraða bifhjólsins. Sér hafi ekki fundist, að hjólinu væri ekið óeðlilega hratt, og kvaðst þess

fullviss, að því hefði ekki verið ekið yfir 60 km hraða miðað við klukkustund á leið frá Hafnarbraut og þar til slysið varð. Hann sagði jafnframt, að ökumaður hjólsins hefði dregið úr hraða hjólsins, nokkru áður en áreksturinn varð.

Hann kvaðst þá fyrst hafa tekið eftir bifreiðinni A 4302, er ökumaður hjólsins gaf hljóðmerki. Hann hafi þá litið fram á veginn og séð A 4302, þar sem hún var í um 20 metra í burtu. Bifreiðinni hefði verið ekið af bifreiðastæðinu við Víkurröst og inn á Skíðabrautina í veg fyrir hjólið. Bifreiðin hafi verið komin u. þ. b. um miðja Skíðabraut og verið á hreyfingu áfram. Honum hafi sýnst ökumaður A 4302 hægja á bifreiðinni, en auka síðan hraðann, þegar vélhjólið var komið fast að bifreiðinni. Hjólið hefði verið rétt að sleppa framan við A 4302, þegar hægra framhorn bifreiðarinnar rakst á hjólið rétt aftan við miðju. Hann kvaðst þess fullviss, að bifreiðin A 4302 hefði verið á ferð áfram, þegar áreksturinn varð.

Þá hefur verið tekin skýrsla af vitnunum Sigurði Guðjóni Marinóssyni, Inga Vigni Guðmundssyni og Jónasi A. Ingimarsyni. Varða þessar skýrslur allar meintan hraða bifhjólsins. Eru vitnin sammála um það, að því hafi verið ekið hratt miðað við aðstæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að bifreiðarstjóri A 4302, Dóroþea, hafi valdið slysinu með gálauslegum akstri, þar sem hún ók af bifreiðastæði inn á akbraut í veg fyrir aðvifandi ökutæki, sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Fébótaábyrgð þessa stefnda telur stefnandi byggjast á almennum skaðabótareglum, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga. Eigandi bifreiðarinnar A 4302 var stefndi Reimar. Kröfur sínar á hendur honum reisir stefnandi á 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda váttryggingarfélagi. Reisir stefnandi kröfur sínar gagnvart því á 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Stefnandi heldur því fram, að bifreiðarstjóri A 4302 hafi átt alla sök á slysinu. Það skipti þó ekki máli um bótarétt stefnanda gagnvart stefndu, þótt ekki yrði á það fallist, því að þótt talið yrði, að ekill bifhjólsins væri meðvaldur af slysinu, sem út af fyrir sig sé mótmælt, haggi það ekki sjálfstæðum og óskoruðum bótarétti stefnanda gagnvart öllum hinum stefndu. Þetta sé tvímælalaust skv. grundvallarreglum skaðabótaréttarins, þótt stefnda váttryggingarfélag hafi ekki viljað á það fallast og hafi

vísað málinu til dómstóla, án þess að könnun hafi fengist á sátta-  
möguleikum utan vettvangs dómstóla.

Af hálfu stefndu er fyrst og fremst á því byggt, að orsakir  
slyssins verði einvörðungu raktar til hraðaksturs bifhjólans. Ekki  
skipti máli, þótt bifreiðin A 4302 hefði annars átt að víkja fyrir  
umferð um Skíðabraut, sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga, þar  
sem ekki hafi mátt varast akstur af þessu tagi á þessum stað.  
Í framkomu ökumanns A 1153 hafi falist brýnt og alvarlegt brot  
á ákvæðum 49. gr. umferðarlaga um ökuhraða, þ. e. 1., 2. og 3.  
mgr., svo og ákvæðum 1. mgr. 50. gr. sömu laga um hámarks-  
hraða. Telja verði, að hann hafi valdið slysinu með stórkostlegu  
og vítaverðu gáleysi. Hafa verði það í huga, að akstur hans um  
staðinn í þetta sinn hafi ekki verið á nauðsyn byggður, heldur  
hafi þeir stefnandi verið að leika sér á hjólinu.

Sýknukrafa stefndu er borin fram með vísan til þess, að eig-  
andi og ökumaður A 1153 hljóti að bera alla þá ábyrgð, sem um  
kunni að vera að ræða, á tjóni stefnanda skv. 68. gr. umferðar-  
laga og öðrum ábyrgðarákvæðum þeirra laga (67. og 69. gr.).  
Þeim skilningi stefnanda er harðlega mótmælt, að hann geti kraf-  
ið stefndu um allt tjón sitt af slysinu án tillits til ákvæða 68.  
gr. umferðarlaga og yfirleitt án tillits til þess, að ökumaður A  
1153 geti talist meðvaldur að slysinu. Byggt er á því, að 68. gr.  
umferðarlaga sé sú grein, sem ætluð sé til að skera úr um tjón  
af árekstri bifreiða. Slíkt tjón eigi að skiptast á milli bifreiðanna,  
og þá ekki einungis tjón á þeim sjálfum, heldur allt tjón af  
árekstrinum. Stefndu mótmæla, að farþegar í gagnstæðri bifreið  
geti sótt bifreiðareiganda um bætur vegna áreksturs á grund-  
velli 67. gr. umferðarlaga einvörðungu. Slíkar bætur verði að-  
eins sóttar af þeim hluta, sem tjónið tilheyrir þeirri bifreið skv.  
reglu 68. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 ber þeim, sem  
aka frá bifreiðastæðum, að víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem  
ekið er inn á. Stefnda, Dóroþea Reimarsdóttir, ók bifreiðinni A  
4302 af bifreiðastæði við samkomuhúsið Víkurröst og inn á Skíða-  
braut, þá er áreksturinn varð við bifhjól A 1153, sem kom eftir  
Skíðabrautinni. Þykir mega við það miða eftir athugun á að-  
stæðum samkvæmt framlögðum uppdraetti og framburðum aðilja  
og vitna, að Dóroþea hafi með akstursmáta sínum alla vega átt  
hluta af sök á árekstrinum. Að fenginni þessari niðurstöðu þykir  
ekki hér þurfa að taka afstöðu til, hvort og að hve miklu leyti  
stjórnandi bifhjólans A 1153 átti sök á árekstrinum, þar sem

stefnanda er rétt að hafa uppi alla kröfu sína á hendur hverjum þeim, sem einhverja sök átti, þar sem þeir bera allir ábyrgð in solidum á tjóni hans skv. almennum reglum. Stefnda Dóroþea ber þannig ábyrgð á tjóni stefnanda, sbr. 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 ber skráður og skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ábyrgð á því. Stefndi Reimar Þorleifsson var, þá er slysið varð, skráður eigandi bifreiðarinnar A 4302 og ber þannig ábyrgð á tjóni stefnanda. Skiptir ekki máli um ábyrgð hans gagnvart stefnanda, hvor stjórnenda ökutækjanna er talinn eiga sök á tjóni stefnanda, þar sem Reimar er þegar ábyrgur fyrir því skv. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga, en 3. mgr. 67. gr. laga 40/1968 þykir ekki eiga við um stefnanda. Hins vegar þykir 68. gr. laga 40/1968 ekki eiga hér við, þar sem hún samkvæmt orðalagi sínu varðar skiptingu tjóns af árekstri skráningarskyldra ökutækja sín á milli.

Bifreiðin A 4302 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Hagtryggingu h/f, og er félagið þannig bótaskyldt gagnvart stefnanda, sbr. 2. mgr. 74. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 70. gr. laga nr. 40/1968.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt svo:

1. Örorkubætur vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku .....	kr. 7.269.000
2. Miskabætur, þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum .....	— 950.000
3. Fatatjón .....	— 30.000
4. Ferðakostnaður .....	— 20.000
5. Útlagður kostnaður vegna gagnaöflunar .....	— 43.785

---

Kr. 8.212.785

Um lið 1.

Stefnandi byggir kröfu sína skv. þessum lið á örorkumati Ólafs Jónssonar lækni frá 22. október 1976. Niðurstaða læknisins er þessi:

„Hér er um að ræða rúmlega 22 ára gamlan Hríseying, sem mun hafa unnið verkamannavinnu við fiskmat o. fl., er varð fyrir slysi fyrir tæpum 2½ ári, þannig að hann féll af mótörhjóli,

er lenti í árekstri við bifreið, og klemmdist hægri fótur hans milli bifreiðar og mótórhjóls með þeim afleiðingum, að hann hlaut opið beinbrot, kurlað og mjög óhreint, og verulegan mjúkvefja skaða kringum brotið. Gert var að brotinu með fjölmörgum aðgerðum í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og er talið, að beinbrotið hafi verið að fullu gróið u. þ. b. 1 ári eftir að slysið varð, og mun húðflutningum á brotstaðinn þá hafa verið lokið. Allan þann tíma, og raunar nokkru lengur, þurfti slasaði að vera í gipsi, og var öklaliður að sjálfsögðu immobiliceraður allan þann tíma. Eftir að brotið var gróið, var slasaði í æfingum, og beindust þær einkum að því að liðka og auka hreyfingar í öklunum, sem var, að sjálfsögðu, mjög stírfur eftir langvarandi meðferð. Slasaði mun hafa lítilsháttar byrjað vinnu við fiskmat u. þ. b. 1½ ári eftir slysið og hefur síðan smátt og smátt aukið vinnu, eftir því sem geta hefur leyft, og telur hann, að síðasta 1/2 árið hafi vart um nokkra framför verið að ræða. Þar sem öllum aðgerðum, er fyrirhugaðar voru í sambandi við slys þetta, er lokið, þótt hugsanlegt kunni að vera, að eftir 5—10—15 ár gæti komið til frekari aðgerða vegna afleiðinga slyssins, verður að telja tímabært að meta örorku þá, er af slysi þessu hlaut, og telst hún hæfilega metin:

100% í 18 mánuði  
50% næstu 6 mánuði  
Síðan 20% varanleg.“

Á grundvelli þessa mats reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur örorkutjón stefnanda af völdum slyssins, fyrst 2. nóvember 1976 og aftur 14. júní 1978. Kemur þar fram, að stefnandi var 19 ára á slysdegi, fæddur 24. september 1954. Tryggingafræðingurinn hefur reiknað út höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps stefnanda miðað við slysdag, annars vegar með 9% ársvöxtum, en hins vegar með 13% ársvöxtum. Niðurstöður hans eru samkv. síðari útreikningnum:

	9% vextir	13% vextir
„Tímabundin örorka	1.098.000	1.058.000
Varanleg örorka	6.171.000	3.919.000
	<hr/>	<hr/>
	7.269.000	4.977.000

Notaðar eru dánarlíkur samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Ekki er tekið tillit til hugsanlegra bóta frá Tryggingastofnun ríkisins eða skatta.“

Þá hefur stefnandi vitnað til og lagt fram upplýsingar Jóhanns Sigurbjörnssonar skipstjóra um hásetahlut á m/b Haferni, EA 155, frá Hrísey. Stefnandi mun hafa verið ráðinn á bátinn, þá er slysið varð. Af þessum upplýsingum má ráða, að á sumarvertíð 1974 nam hluturinn kr. 121.318, haustvertíð 1974 kr. 198.489 og á vetrarvertíð 1975 kr. 910.623.

Stefndu mótmæla ekki framlögðu örorkumati sem slíku, en halda fram rétti og skyldu dómsins til að meta bæturnar sjálfstætt. Þá mótmæla þeir kröfu stefnanda samkv. þessum lið sem of hári.

Rétt þykir með tilliti til framlagðra gagna og eftir að beitt hefur verið frádrætti vegna skattviltana og eingreiðslu bóta að meta bætur til handa stefnanda skv. þessum lið kr. 3.700.000.

Um 2. lið.

Stefnandi vitnar hér til lýsinga á meiðslum stefnanda í örorkumati og til afleiðinga meiðslanna, sem þar koma fram.

Stefndu mótmæla þessum lið sem of háum. Þeir vísa til þess, að í örorkumati hljóti hér að vera fólgið mat á miska að hluta, þannig að bætur samkv. þessum lið hafi að hluta til verið metnar undir lið 1.

Fallast má á þetta sjónarmið stefndu að nokkru leyti, og að því athuguðu og annars með hliðsjón af sjúkrasögu þykja bætur til stefnanda skv. þessum lið hæfilega metnar kr. 300.000.

Um 3. lið.

Stefnandi heldur því fram, að föt, sem hann var í, hafi eyðilagst við slysið. Stefndu hafa mótmælt þessum lið sem of háum.

Kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið er í hóf stillt, og er hún tekin til greina.

Um 4. lið.

Stefndu mótmæla þessum kröfuflið ekki tölulega, og er hann tekinn til greina.

Um 5. lið.

Hér er um kostnað stefnanda af málinu að ræða, og verður tekið tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt ofangreindu skulu stefndu greiða stefnanda in

solidum kr. 4.050.000. Vaxtakrafa stefnanda er tekin til greina af dæmdri fjárhæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 700.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn fékk málið ekki til meðferðar fyrr en í maí sl.

#### Dómsorð:

Stefndu, Reimar Þorleifsson, Dóroþea G. Reimarsdóttir og Hagtrygging h/f, greiði in solidum stefnanda, Sigurði K. Björnssyni, kr. 4.050.000 með 9% ársvöxtum frá 4. maí 1974 til 15. júlí s. á., með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 700.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að teja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 17. mars 1981.

Nr. 112/1979. **Bragi Sigurjónsson og**  
**Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**  
 (Hákon Árnason hrl.)  
 gegn  
**Óskari Sumarliðasyni**  
 og gagnsök  
 (Helgi V. Jónsson).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Vextir. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júní 1979. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýj-